



Skrifstofa Alþingis - nefndasvið
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 15. mars 2022

2203001HA BG
Málalýkill: 30.21

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði fiskveiðistjórnunar (eftirlit Fiskistofu o.fl.), mál nr. 386.

Hafnasamband Íslands hefur yfirfarið ofangreint frumvarp og þykir rétt að vekja athygli á samstarfsyfirlýsingu Fiskistofu og Hafnasambands Íslands frá 5. september 2018 en þar segir m.a. „Íslenskar hafnir, sem hafa yfir að ráða eftirlitsmyndavélakerfi munu ekki gera athugasemd fyrir sitt leyti ef Fiskistofa fær heimild að lögum eða Persónuverndar til aðgangs að myndavélakerfum hafnanna.“ Lykilatriði í þessari samstarfsyfirlýsingu er að höfnum sé ekki skylt að setja upp eftirlitsmyndavélakerfi heldur að Fiskistofu sé heimilt að nýta það kerfi ef það er til staðar. Einnig er mikilvægt að skýrt komi fram að heimild Fiskistofu sé eingöngu sambærileg og heimild lögreglu, þ.e.a.s. til að skoða einstaka tímabil tengt skilgreindum atvikum sem eru til rannsóknar en ekki að eftirlitsmyndavélakerfum verði streymt í rauntíma, á öllum tímum sólarhringsins, til Fiskistofu.

Umrætt frumvarp hefur tekið breytingum frá því að það var lagt fram á þingi síðast en því miður hefur ráðuneytið ekki brugðist við helstu ábendingum Hafnasambandsins frá fyrri umsögn er snúa að aðgangi Fiskistofu að eftirlitsmyndavélum hafna. Einnig hefur ráðuneytið ekki orðið við ábendingum Persónuverndar um að framkvæma mat á áhrifum á persónuvernd vegna þeirrar vinnslu persónuupplýsinga sem lögð er til í frumvarpsdrögum. A.m.k. er ekki fjallað um slíkt mat í greinargerð líkt og æskilegt er ef slíkt mat hefur farið fram.

Hafnasambandið telur því enn vera til staðar óvissa um hvenær eðlilegt sé að veita aðgang að myndavélakerfum hafna og mikilvægt sé að í nefndaráli sé betur útlistað hvenær og hvernig Fiskistofa geti nýtt sér myndefni hafna. Vill því Hafnasambandið ítreka eftirfarandi úr fyrri umsögn:

Hafnasambandið telur einnig nauðsynlegt að í nefndaráli komi fram skýrari umfjöllun um 1. gr. en finna má í frumvarpinu. Þegar stjórnvaldi er veitt jafn víðtæk heimild til vöktunar yfir fólki í sínum daglegum störfum er nauðsynlegt að lögskýringagögn gefi skýrari mynd á þessa umfangsmiklu heimild er veita á starfsmönnum Fiskistofu. Í nefndaráli þarf að koma fram:

- Að aðgangur að myndefni takmarkist við sérstakt tilefni í samræmi við reglur um rafræna vöktun eins og þær eru hverju sinni,
- Að Fiskistofa beri ábyrgð á fræðslu í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 til þeirra sem sæta eftirliti, þess


efnis að Fiskistofa hafi aðgang að rafrænum vöktunarkerfum í löndunarhöfnum,

- Að þessi heimild veiti starfsmönnum Fiskistofu ekki rétt til aðgangs að beinu streymi úr rafrænum vöktunarkerfum nema sérstakt tilefni sé til sbr. Fyrri umfjöllun.
- Að höfnum sé ekki skylt að setja upp rafræn vöktunarkerfi að ósk Fiskistofu og sé rafrænt vöktunarkerfi til staðar sé það hafna að ákveða staðsetningu þeirra.“

Að öðru leyti er vísað til fyrri umsagnar Hafnasambandsins sem fylgir með umsögn þessari.

Hafnasamband Íslands væntir þess að tekið verði tillit til athugasemda þess og óskar eftir því að fylgja eftir umsögninni á fundi nefndarinnar.

Virðingarfyllst
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Lúðvík Geirsson
formaður stjórnar Hafnasambands Íslands